

Reykjavík, 31. ágúst 2015
ES/ehj

Til fulltrúa í sveitarstjórnnum eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og fjölmiðla

Efni: Boðun aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf. 14. september 2015 kl. 11:00 að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík.

Orkuveita Reykjavíkur-Eignir er opinbert hlutafélag alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, stofnað í tengslum við uppskiptingu fyrirtækisins í ársbyrjun 2014. Tilgangur félagsins er eignarhald á þeim félögum sem annars vegar fara með veiturekstur Orkuveitunnar (Veitna ohf.) og framleiðslu og sölu á raforku hins vegar (Orku náttúrunnar ohf.). Félagið hefur ekki starfsemi og stjórn þess skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur fer með hlut fyrirtækisins í félaginu en hjá því starfar enginn. OR-eignir var stofnað í því augnamiði að geta samskattað veitu- og virkjanarekstur Orkuveitunnar eftir uppskiptinguna.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf. 27.4. 2015 var samþykkt að leggja eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund:

1. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eigna samþykkir að leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður fyrir árið 2014.
2. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eigna samþykkir að leggja til við aðalfund að KPMG hf. endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur eigna árið 2015.
3. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eigna samþykkir að veita stjórnarformanni umboð til boðunar aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur eigna 2015 í samræmi við samþykktir félagsins.
4. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna samþykkir að leggja til við aðalfund að ekki verði greidd sérstök þóknun fyrir setu í stjórn félagsins.

Dagskrá aðalfundar er þessi, skv. samþykktum:

- a) Staðfesting ársreiknings.
- b) Meðferð hagnaðar eða taps.
- c) Ákvörðun um þóknun stjórnar.
- d) Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félags standi lög til þess.
- e) Kjöri stjórnar lýst.
- f) Kosning endurskoðenda.
- g) Önnur mál.

f.h. formanns,

Bjarni Bjarnason